



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Bryndís Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsmannamál þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Á fundi stafræns ráðs þann 23. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 7. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Í ljósi þess að mannauðsstjóri þjónustu og nýsköpunarsviðs hætti fyrir nokkru síðan, óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hversu margt starfsfólk sviðsins hefur hætt sjálfviljugt eða verið sagt upp undanfarin 5 ár. Einnig er farið fram á upplýsingar hvort um beinar uppsagnir hafi verið að ræða eða fólki gefinn kostur á því að segja upp sjálf. Spurt er jafnframt um hvaða störf er þarna um að ræða. Vitað er að einnig hafi verið skipt um fjármálastjóra oft en einu sinni á umbeðnum tímabili. Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir inn til sviðsins undanfarin 5 ár og í hvaða störf.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 4. september 2023.

Svar:

Frá árinu 2018 hafa 67 starfsmenn sagt upp störfum og hefur 22 starfsmönnum verið sagt upp störfum á þjónustu- og nýsköpunarsviði (PON). Í þeirri tölu eru einnig uppsagnir vegna skipulagsbreytinga. Í öllum tilvikum þar sem gripið hefur verið til uppsagnar er um að ræða beina uppsögn. Það starfsfólk sem hefur verið sagt upp störfum eða hætt gegndi eftirfarandi störfum: deildarstjóri, fjármálaráðgjafi, fjármálastjóri, fulltrúi skjalasafns, gæða- og öryggisstjóri, hugbúnaðarsérfræðingur, kerfisfræðingur, kerfisstjóri, lögfræðingur, mannauðsráðgjafi, mannauðsstjóri, safnvörður, skrifstofustjóri, teymisstjóri, tölvunarfræðingur, verkefnastjóri, vörustjóri, þjónustufulltrúi og öryggis- og húsvörður.

186 starfsmenn hafa verið ráðnir til sviðsins frá árinu 2018 í eftirfarandi störf: deildarstjóri, fjármálasérfræðingur, fjármálastjóri, forritari, framleiðandi, fulltrúi skjalasafns, gagnasérfræðingur, kerfisfræðingur, kerfisstjóri, lögfræðingur, mannauðsráðgjafi, mannauðsstjóri, skjalasérfræðingur, skrifstofustjóri, stafrænn leiðtogi, teymisstjóri, tæknistjóri, tölvunarfræðingur, verkefnastjóri, vöruhönnuður, vörustjóri, þjónustufulltrúi, þjónustuhönnuður og öryggis- og húsvörður.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Bryndís Kristjánsdóttir,
mannauðsstjóri